

Varðar þingskjal 1116 – 650. mál (lög 162/2002)

VINSAMLEG ÁBENDING

Sendandi: Már Karlsson, kt. 270947-4339, f.s. 660-4703

Dags. 27-03-2015

Í næst síðustu málsgrein greinargerðar segir annars vegar:

„..... sveitarfélögin hafa hagsmuni af **greiðslu úrvinnslugjalds** frá Úrvinnslusjóði“

og hins vegar:

„..... eru þeir aðilar sem um helmingur **úrvinnslugjalds** greiðist til.“

Ætti líklega frekar að standa annars vegar:

„..... sveitarfélögin hafa hagsmuni af **greiðslum** frá Úrvinnslusjóði“

og hins vegar:

„..... eru þeir aðilar sem um helmingur **greiðslna Úrvinnslusjóðs** greiðist til.“

Ástæður ábendinganna:

Úrvinnslugjald er gjald sem lagt er á vörur ýmist af Tollstjóra eða RSK eða eins og segir um gjaldtöku í 3. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald: „*Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum*“. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna til Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóður ráðstafar tekjum sínum í margvíslegum tilgangi til að uppfylla markmið laga 162/2002 sem koma fram í 1. gr. þeirra laga.

Skilningur bréfitara er sem sagt að úrvinnslugjald sé lagt á til þess að afla tekna til þess að standa undir kostnaði og þar með sé saga þess öll. Sjóður verður til (Úrvinnslusjóður) sem ráðstafar tekjum sínum til lögbundinna verkefna.